

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 388/2010

2013/EES/4/80

frá 6. maí 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar hámarksfjölda gæludýra af tilteknum tegundum, sem kunna að sæta flutningum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE ⁽¹⁾, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 998/2003 er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um tilflutning á gæludýrum, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, og reglur um eftirlit með slíkum tilflutningi. Hún gildir um tilflutning milli aðildarríkja eða frá þriðju löndum á gæludýrum af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerðina. Hundar, kettir og frettur eru skráð í A- og B-hluta þess viðauka.
- 2) Kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 998/2003 eru breytilegar eftir því hvort gæludýrin eru flutt á milli aðildarríkja eða frá þriðju löndum til aðildarríkja. Því til viðbótar eru kröfurnar sem varða slíkan tilflutning frá þriðju löndum aðgreindar enn frekar á milli þeirra þriðju landa sem eru skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð og þeirra þriðju landa sem eru skráð í C-hluta þess viðauka.
- 3) Þriðju lönd sem beita reglum um tilflutning á gæludýrum, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru a.m.k. jafngildar reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 998/2003 eru skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 4) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽²⁾ gildir almennt um viðskipti.
- 5) Til að koma í veg fyrir að viðskiptalegir tilflutningar séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar á gæludýrum, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er í 12. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að kröfurnar og eftirlitið, sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE,

skuli gilda um tilflutning fleiri en fimm gæludýra þegar komið er með dýrin inn í Bandalagið frá þriðja landi sem ekki er skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við reglugerðina.

- 6) Reynslan af beitingu reglugerðar (EB) nr. 998/2003 hefur sýnt að það er mikil hætta á að viðskiptalegir tilflutningar á hundum, köttum og frettum séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, þegar þessar dýrategundir eru fluttar til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 7) Til að forðast slíkt athæfi og tryggja samræmda beitingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 skal setja ákvæði um að koma á sömu reglum um flutning á hundum, köttum og frettum til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kröfurnar og eftirlitið, sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003, skulu gilda um tilflutning gæludýra af þeim tegundum sem skráðar eru í A- og B-hluta I. viðauka við þá reglugerð þegar heildarfjöldi dýra, sem fluttur er inn í aðildarríki frá öðru aðildarríki eða þriðja landi, sem er skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð, fer yfir fimm.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 114, 7.5.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.